

Sp.

118. Skýrslur

um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

A.

Skýrsla um „Gjöf Jóns Sigurðssonar“ frá 1. janúar 1927 til 31. desember 1928.

Tekjur:

1. Eign í árslok 1926:		Kr. a.
a. Bankavaxtabrjef	kr. 5100.00	
b. Veðskuldabrjef	— 3600.00	
c. Í Landsbankanum	— 12551.31	
	<hr/>	21251.31

2. Vextir:

a. Af bankavaxtabrjefum	kr. 429.75	
b. — veðsknldabrjefum	— 360.00	
c. — fje í Landsbankanum	— 1113.06	
		<hr/>
		1902.81
		<hr/>
		23154.12
		<hr/>

Gjöld:

1. Verðlaun greidd:		Kr. a.
a. Helga P. Briem	kr. 500.00	
b. Bókmentafjelaginu	— 1200.00	
		<hr/>
		1700.00
2. Auglýsingakostnaður		160.28
3. Eign í árslok 1928:		
a. Bankavaxtabrjef	kr. 4000.00	
b. Veðsknldabrjef	— 3600.00	
c. Í Landsbankanum	— 13693.84	
		<hr/>
		21293.84
		<hr/>
		23154.12
		<hr/>

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. janúar 1929.

F. h. r.

G. Sveinbjörnsson.

B.

Skýrsla frá verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Hinn 7. janúar 1928 gaf nefnd sú, er kosin var á Alþingi 1927 til þess að meta rit til verðlauna af Gjöf Jóns Sigurðssonar, út auglýsingu nm það, að þeir, sem til verðlauna hygðu, skyldu gefa sig fram fyrir lok desembermánaðar 1928.

Á hinum setta fresti bárnst nefndinni þessar 3 ritgerðir:

1. »Jón Sigurðsson 1811—1851«.
2. »Um stjórnhætti og löggjöf«.
3. »Saga bankanna á Íslandi«.

Nefndin samþykki að sæma ritgerðina nr. 1 1000 kr. verðlaunum. Höfundur hennar reyndist að vera próf. dr. phil. Páll E. Ólason.

Ritgerðina nr. 3 samþykki nefndin að sæma 350 kr. verðlaunum. Höfundur hennar reyndist að vera guðfræðiprófessor Magnús Jónsson.

Ritgerðina nr. 2 taldi nefndin eigi geta komið til álita til verðlauna, með

Því að hún eigi geti talist reist á visindalegum rannsóknum, enda þótt hún sje vel rituð og efni hennar athyglisvert.

Í stað Ólafs Lárussonar, er eigi taldi sjer rjett að dæma um ritgerðina nr. 3, tók Þorsteinn hagstofustjóri Þorsteinsson sæti í nefndinni við dóm þeirrar ritgerðar.

Með því að meiri verðlaunum var eigi útbýtt á þessu ári, samþykkti nefndin, samkv. heimild í 2. gr. í Reglum frá 16. okt. 1912, að veita hinu íslenska fornritafjelagi 500 kr. af vöxtum sjóðsins til útgáfu íslenskra fornrita.

Þetta leyfum vjer oss að tilkynna hinu háa Alþingi.

Reykjavík, 14. mars 1929.

Hannes Þorsteinsson. Ólafur Lárusson. Sigurður Nordal.

Til Alþingis.